

**Skýrsla stjórnar foreldrafélags leikskólans  
Vinagarðs starfsárið 2019-2020**



**VINA  
GARÐUR**

Foreldrafélag Vinagarðs leikskóla KFUM og KFUK var stofnað í febrúar 2001. Var félagið þá rekið á kennitölu leikskólans. Þann 14. mars 2016 var haldinn formlegur stofnfundur og í kjölfarið var félagið stofnað með eigin kennitölu.

Tilgangur félagsins er að sameina foreldra barna á Vinagarði leikskóla KFUM og KFUK og standa vörð um velferð barna á leikskólanum. Tilgangi sínum nær félagið með því að standa fyrir viðburðum fyrir börn á leikskólanum og fjölskyldur þeirra, fylgjast með starfi leikskólans og vinna náið með leikskólastjóra.

Allir foreldrar barna á leikskólanum geta verið félagar í félaginu. Félagsmenn greiða árgjald eins og það er ákveðið á aðalfundi. Þeir félagsmenn sem ekki geta, aðstæðna sinna vegna, greitt árgjald halda þó félagsréttindum sínum.

Vegna kórónuveirufarsóttarinnar var aðalfundi foreldrafélagsins árið 2020 frestað til byrjunar ársins 2021. Í þessari skýrslu verður því eitt og hálf skólaár gert upp, eða frá haustönn 2019 til áramóta 2021.

Félagsgjald fyrir veturinn 2019-2020 var ákveðið 5.000 kr fyrir eitt barn og 7.500 kr fyrir tvö eða fleiri börn. Heimtur af félagsgjöldum voru sérlega góðar en ógreiddar kröfur voru felldar niður sjálfkrafa.

Eftirtaldir sátu í stjórn foreldrafélagsins veturinn 2019-2020 sem voru kosnir á aðalfundi félagsins 16. september 2019.

Sigríður Sigurðardóttir, formaður  
Kristbjörg Gunnarsdóttir, ritari  
Hugrún Ösp Reynisdóttir, gjaldkeri  
Daði Guðjónsson  
Þorgerður Agla Magnúsdóttir  
Sigríður Ýr Aradóttir  
Ragnar Björgvinsson  
Sóley Jónsdóttir  
Berglind Ingvarsdóttir (til vors 2020)  
Guðmundur Karl Einarsson (gjaldkeri til vors 2020)  
Nanna K. Kristjánsdóttir (til vors 2020)

Auk stjórnarinnar tekur María Sighvatsdóttir, leikskólastjóri, þátt í skipulagningu starfsins og situr fundi.

Haldnir voru tveir stjórnarfundir yfir veturinn 2019-2020, einn að hausti fyrir starf haustannar og annar í byrjun árs fyrir starf vorannar. **Starf foreldrafélagsins var með minnsta móti frá mars 2020 og er enn fram að aðalfundi í febrúar 2021 hvar þessi skýrsla verður lögð fram, enda erfitt að halda uppi hefðbundnu starfi í skugga kórónuveirufarsóttarinnar.**

Helstu verkefni foreldrafélagsins síðastliðið leikskólaár fólust í skipulagningu og utanumhaldi á eftirtöldum viðburðum:

Hér að neðan verður farið yfir þá viðburði og verkefni sem foreldrafélagið sá um að skipuleggja á þessu skritna og skerta starfsári.



### **Haustferð í Vatnaskóg 2019**

Foreldrafélagið hefur um árabil staðið straum af kostnaði vegna rútuferða upp í Vatnaskóg vegna haustferðar barnanna og starfsárið 2019-2020 varð engin breyting þar á. Haustferðin var farin föstudaginn 4. október 2019.

### **Myndatökur 2019**

Foreldrafélagið stóð fyrir hópmyndum af börnunum ásamt starfsfólki og voru myndirnar seldar til styrktar foreldrafélaginu. Guðmyndur Karl Einarsson sá um að taka myndirnar.

### **Aðventukvöld 2019**

Foreldrar og starfsfólks aðstoðuðu jólasveinana í lok nóvember við að pakka inn jólagjöfum til barnanna fyrir jólaball leikskólans 2019. Úr varð hugguleg kvöldstund. Í aðventunni gáfu fulltrúar foreldra einnig starfsfólki leikskólans jólagjafir.

### **Jólagjafir 2020**

Árið 2020 var ekki hægt að halda árlega jólakvöldið og því sá lítill hópur foreldra um að pakka inn gjöfum fyrir börnin. Ákveðið var að gefa starfsfólki veglegri gjöf frá foreldrum en oft áður í ljósi þess hve mikið álag hefur verið á starfsmönnum vegna Covid 19.

### **Jólaball 2019**

Árlegt jólaball Vinagarðs var haldið laugardaginn 7. desember kl 11 í samkomusal KFUM og KFUK við Holtaveg. Sú fallega hefð hefur skapast að jólaskemmtunin hefist með helgileik barna á Uglugarði og stóðu börnin sig með þryði. Dansað var í kringum jólatré, jólasveinar heimsóttu skemmtunina og fengu mandarínur. Jóla- og sælkerabasarinn, sem er ein helsta fjármögnunarleið foreldrafélagsins var á sínum stað ásamt því að til sölu voru taupokar og jólakort sem foreldrafélagið hafði látið gera áður.

### **Jólaball 2020**

EKKI var hefðbundið jólaball árið 2020 en í staðinn var haldið ball á leikskólatíma án foreldra. Foreldrafélagið sá um að húa í jólasveina til að heimsækja börnin og vakti það mikla kátínu.

### **Fræðslukvöld foreldrafélagsins**

Árlegt fræðslukvöld foreldrafélagsins var fyrirhugað 25. mars 2020 en því var frestað vegna farsóttarinnar. Dr. Gréta Jakobsdóttir ætlaði að fræða foreldra um næringu.

### **Vorhátíð 2020 féll niður.**

### **Leiksýning Leikhópsins Lottu**

Foreldrafélagið fékk hópafslátt á sýningu Leikhópsins Lottu á Hans Klaufa snemma vors 2020 rétt áður en samkomubann tók gildi á Íslandi og einnig sýninguna Bakkabræður sem sýnd var um sumarið.

Að lokum þakkar stjórn foreldrafélagsins kærlega öllum þeim sem lögðu hönd á plóg síðastliðið leikskólaár í starfi foreldrafélagsins í þágu Vinagarðs.